

REGLUGERÐ

um (57.) breytingu á reglugerð nr. 580/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þáðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir tölulíðir, 134. og 135. tölul., svohljóðandi:

134. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1085 frá 22. maí 2025 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Kanada, Breska konungsríkið og Bandaríkin í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
135. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1200 frá 12. júní 2025 um breytingu á V., XIII. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Kanada, Esvatíní, Breska konungsríkið og Bandaríkin í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum, nýju kjöti af nautgripum, öldum og villtum hóf- og klaufdýrum sem eru veiðidýr og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerðirnar sem nefndar er í 1. gr. eru birtar á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem [fylgiskjöl við auglýsingu nr. 20/2025](#).

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um matvæli, nr. 93/1995, lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 26. júní 2025.

F. h. r.

Bryndís Hlökkversdóttir.

Svava Pétursdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2025